

Alþingi
Mál nr. P 137/273
Middagur 19. 6. 2009

Nefndasvið Alþingis
B.t. viðskiptanefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 18. júní 2009

Efni: Umsögn FÍS um frumvarp til laga um váttryggingastarfsemi, 53. mál, heildarlög. (Lagt fyrir á Alþingi á 137. löggjafarþingi 2009.)

I. Almenn

Vísað er tíi erindis háttvirtrar viðskiptanefndar Alþingis dagsett 9. júní 2009 þar sem óskað er umsgagnar FÍS um frumvarp til laga um váttryggingastarfsemi.

FÍS telur að umrætt frumvarp sé ítarlegt og vel unnið í alla staði og hefur ekki efnislegar athugasemdir hvað það varðar. Hins vegar gefur frumvarpið tilefni til nokkurra minniháttar athugasemda hvað varðar formhlið þess og orðnotkun.

II. Ábendingar

Er varðar einstakar greinar frumvarpsins leggur FÍS til nokkrar smávægilegar breytingar og gerir eftirfarandi athugasemdir:

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins

21. tölul. 1. mgr. 9. gr.

Hugtakið *reglulegur markaður* er hvergi að finna í frumvarpinu nema á þessum stað í orðskýringum. Á einum stað í frumvarpinu er hugtakið *skipulegur fjármálamarkaður* notað, sbr. 3. tölul. 2. mgr. 37. gr., en sú hugtakanotkun samræmist betur enskri framsetningu þess (e. regulated financial market), sbr. c-lið 1. mgr. 34. gr. tilskipunar nr. 2005/68/EB. Hugtakið *skipulegur verðbréfamarkaður* (e. regulated market skv. MiFID-tilskipuninni) er notað á tveimur stöðum í frumvarpinu, þ.e. í 8. mgr. 78. gr. og í 8. mgr. 85. gr., og samræmist það hugtakanotkun laga nr. 108/2007 um verðbréfiðskipti. FÍS leggur til að misræmi sem snýr að framangreindri orðnotkun í frumvarpinu verði leiðrétt og hugtakanotkun samræmd.

10. gr.

Orðið *frumtryggingaráhætta* kemur fyrir á nokkrum stöðum í frumvarpinu en aðeins í 10. gr. er það með eftirfarandi hætti: frumváttryggingaráhætta.



- fyrir íslenska verslun

2. mgr. 76. gr.

Í ákvæðinu er stafnum -r ofaukið í orðinu „váttryggingarstofni“ en á öðrum stöðum í frumvarpinu er það ritað án -r.

81. gr.

FÍŚ leggur til að orðið *skilanefnd* verði notað í stað orðsins *skilastjórn* sem aðeins kemur fyrir í núgildandi lögum um váttryggingastarfsemi og yrði þá orðnotkun í samræmi við önnur lög, t.a.m. lög um hlutafélag nr. 2/1995.

Váttryggingarsamningur

Orðið kemur fyrir á 14 stöðum í frumvarpinu án stafsins -r en rétt er að rita það með -r, sbr. lög um váttryggingarsamninga nr. 30/2004 þar sem það er ávallt ritað með -r.

Tillögur um kaflaskiptingu


Í greinargerð með frumvarpinu eru athugasemdir við einstakar greinar ekki flokkaðar í sérstaka kafla nema hvað varðar IX.-XIII. kafla. Uppsetning yrði að mati FÍŚ skýrari ef athugasemdum við 1.-55. gr. væri einnig skipt upp eftir köflum.

III. Annað

Að lokum áskilur FÍŚ sér rétt til að koma frekari athugasemdum á framfæri á síðari stigum.

Félagið lýsir sig jafnframt reiðubúið til að funda um efnið sé þess óskað.

Virðingarfyllst,



Harpa Samúelsdóttir lögfræðingur
f.h. Páls Rúnars M. Kristjánssonar hdl.



- fyrir íslenska verslun